

**L Ö G****um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina  
Lönguhlíð í Vallahreppi, Suður-Múlasýslu.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Katrínu Ásgrímsdóttur og Gísla Guðmundssyni jörðina Lönguhlíð í Vallahreppi, Suður-Múlasýslu.

Við söluna skal fylgt ákvæðum 3.–5. mgr. 38. gr. jarðalaga, nr. 65 31. maí 1976, sbr. lög nr. 90 30. maí 1984.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. maí 1993.*

**Davíð Oddsson. Salome Þorkelsdóttir. Þór Vilhjálmsson.**  
(L.S)

*Halldór Blöndal.*

**L Ö G****um breytingar á lögum um vinnumarkaðsmál vegna aðildar að  
samningi um Evrópskt efnahagssvæði.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI

**Um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga,  
nr. 26/1982, með síðari breytingu.**

## 1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Lög þessi eiga ekki við um þá erlendu ríkisborgara sem falla undir reglur um Evrópska efnahagssvæðið.

## 2. gr.

9. gr. laganna fellur niður.